

Ed. 386. Frumvarp til laga [142. mál]

um breyting á lögum nr. 41 29. apríl 1946, um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Aftan við 3. gr. laganna bætist ný málsg. svo hljóðandi:

Þegar svo stendur á, að setja þarf nýja aflvél í vélbát, sem lán hvílir á í stofnlánadeild sjávarútvegsins, þá skal stjórn stofnlánadeildarinnar heimilt að veita veðleyfi til þess að veðsetja megi skipið, ásamt hinni nýju vél, með fyrsta veðrétti fyrir nýju láni til vélakaupanna, er nemi allt að $\frac{2}{3}$ hlutum af verði vélarinnar. Víkur þá hið fyrra stofnlán stofnlánadeildarinnar fyrir þessu nýja láni, enda liggja einnig fyrir samþykki ábyrgðarmanna og síðari veðhafa, ef einhverjir eru, til þess að veðin færast þannig aftur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.